

Ísafirði, 20. febrúar 2020.

Nefndasvið Alþingis
netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemd við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað og lögum um aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa). Þingmál nr. 57 á 150. löggjafarþingi 2019-2020 (x).

I.

Um auglýsingar í Lögbirtingablaði segir svo í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað (x): „Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungarsölur, þar á meðal á fasteignum búa sem eru til opinberra skipta, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög og firmu, sérleyfi er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi.“

Þó að í ákvæðinu sé rætt um blað, þ.e. Lögbirtingablað, er sem væntanlega er kunnugt að mestu notast við rafræna gátt fyrir þessar auglýsingar sem nálgast má á vef blaðsins á slóðinni www.logbirtingablad.is, sbr. heimild í 7. gr. laganna. Í ákvæðinu er jafnframt áskilið að gjald sé greitt fyrir rafrænan aðgang samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóð - sem eru nr. 150/1991(x). Er ársáskrift skv. 14. gr. B þeirra laga kr. 3.000. Þess ber þó að geta að nálgast má prentútgáfu blaðsins í svonefndu pdf-formi á vef blaðsins án kostnaðar. Sú útgáfa er þó að jafnaði ekki aðgengileg á vefnum fyrr en nokkrum vikum eða jafnvel mánuðum eftir að auglýsingar sem þar er að finna hafa verið gefnar út og birtar á rafrænu svæði blaðsins og flestir frestir sem þar eru tilgreindir því löngu útrunnir.

Samkvæmt fengnum upplýsingum eru árlegar tekjur af áskrift að rafrænni gátt Lögbirtingablaðs á milli 2 og 3 m.kr. en áætlaðar tekjur af auglýsingum 34 m.kr. Gjaldskrá fyrir auglýsingar í Lögbirtingablaði má finna á vef blaðsins en gildandi gjaldskrá hverju sinni er birt á vef Stjórnartíðinda B deild og er hún nr. 1300/2017 (x) og breyting á henni nr. 82/2019 (x).

Ríkissjóður yrði því ekki af miklum tekjum þótt gjaldtöku fyrir aðgang að blaðinu eða öllu heldur auglýsingagátt á vef þess yrði hætt. Á hinn bóginn myndi umsýsla tengd greiðslu og innheimtu gjaldanna, umstang áskrifenda í kring um lykil- eða aðgangsorð vera úr sögunni og allir hafa óhindraðan aðgang. Ætti þeim sem fylgjast mundu með birtum auglýsingum, ekki síst þeim sem fylgjast vilja með auglýsingum í einstökum málflokkum, fjölga. Til að mæta þeirri tekjuskerðingu sem af þessu leiddi mætti á hinn bóginn hugsa sér að gjald fyrir auglýsingar yrði hækkað sem næmi þessum tekjumissi.

II.

Sem ljóst má vera er gert ráð fyrir að birtar séu í Lögbirtingablaðinu og rafrænni gátt þess auglýsingar sem haft geta mikla þýðingu fyrir marga og því æskilegt að þær séu sem aðgengilegastar þeim sem þær varða eða kunna að hafa hagsmuna að gæta. Svo aðeins sé farið út fyrir meginefni þessara athugasemda skal nefnt að skipta má auglýsingum í Lögbirtingablaði í tvennt eftir því að hverjum þær beinast. Er annars vegar um að ræða auglýsingar sem beinast að

tilgreindum einstaklingi eða lögaðila og hafa litla eða enga þýðingu fyrir aðra eins og t.d. kvaðningar, áskoranir, ákærur o.fl. sem ekki hefur tekist að koma á framfæri við viðkomandi með hefðbundnum birtingarháttum (stefnuvotti, póstmanni o.s.frv.) og hins vegar auglýsingar sem beinast að eða varðað geta fleiri, hvort sem það er ákveðinn hópur eða ótilgreiddur hópur, sem á við um flestar aðrar auglýsingar en þær sem fyrst voru nefndar. Þykir raunar mega nefna hér að líklega væri einfaldast og í anda persónuverndar að birta fyrri flokk auglýsinganna, sem tilgreindur er, fyrir hverjum og einum, rafrænt í gegn um island.is enda eiga þær sjaldnast erindi við aðra. Ekki getur þó orðið af því nema lagabreyting komi til og því ekki um annan vettvang að ræða en Lögbirtingablað, sem e.t.v. væri réttara að nefna Lögbirtingagáttina í ljósi þeirra tæknibreytinga sem orðið hafa.

Embætti undirritaðs, líkt og önnur embætti sýslumanna, þarf með reglubundum hætti að auglýsa í Lögbirtingablaði og ber þar helst að nefna auglýsingar um fyrirtökur nauðungarsölumála, kvaðningar til að mæta í fyrirtöku í málum sem varða greiðslu meðlags eða annarra gjalda tengd foreldraskyldum samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 auk ýmissa annarra tilkynninga. Þá er í 74. gr. nýrra umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 110. gr. sömu laga (x), þar sem fjallað er um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds, sem sinnt er við embætti undirritaðs, það nýmæli að gert er ráð fyrir að heimilt sé að birta greiðsluáskorun í Lögbirtingablaði takist ekki birting greiðsluáskorunar fyrir viðkomandi beint (með stefnuvotti eða af póstmanni) sem undanfari nauðungarsölu. Er þá um að ræða áskorun um greiðslu álagðs vanrækslugjalds sem leggst á eigendur (umráðmenn) þeirra skráðu ökutækja sem ekki hafa verið færð til lögmæltrar skoðunar innan tilskilins tíma og er með lögveði í ökutækinu. Þarf að koma við birtingu greiðsluáskorunar fyrir viðkomandi svo heimilt sé að óska nauðungarsölu á ökutækinu. Í ljósi reynslunnar má gera ráð fyrir að birta þurfi greiðsluáskoranir fyrir nokkur hundruð aðilum ár hvert sem ekki næst til með öðru móti þar sem fram kæmi a.m.k. nafn viðkomandi, kennitala, skráningarnúmer ökutækis o.s.frv. og æskilegt að þær komist fyrir augu viðkomandi með sem einföldustum hætti (þar sem best væri að nota island.is).

Meðan áskilið er að greitt sé gjald fyrir aðgang að rafrænum hluta Lögbirtingablaðsins er hætt við að auglýsingar sýslumanna, sem oft og tíðum varða fjárkröfur, komist sjaldnast fyrir augu þeirra sem þær beinast að og því að mati undirritaðs full ástæða til að auðvelda aðgengi að þeim með því að fella niður gjald fyrir aðgang þannig að viðhafa megi hindrunarlausu uppflettingu. Auk þess að þetta yrði til mikillar einföldunar sem áður segir stuðlaði þetta að auknu gegnsæi og jafnræði og býður upp á að áhugasamir geti, sér að kostnaðarlausu, fylgst með hvort þeirra sé getið í auglýsingum í Lögbirtingablaði t.d. undir áskoranir.

Þess má loks geta að ekki er annað að sjá en rafrænni aðgangur að samsvarandi vettvangi og Lögbirtingablaði hér sé án kostnaðar í Danmörku (<http://www.statstidende.dk>) og í Noregi (<http://www.norsk.lysingsblad.no>).

III.

Að öllu framsögðu athuguðu þykir eindregið mega mæla með samþykki frumvarps þess sem hér um ræðir hvað það varðar að gjaldtöku fyrir aðgang að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðsins verði hætt.


Jónas Guðmundsson
sýslumaður
